

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

### Sjálfbærnistefna

Framtíðarsýn Brimborgar er að svara þörfum samtímans með sjálfbærni að leiðarljósi og virkri þátttöku í gagnsæri uppbyggingu íslensks samfélags til framtíðar og starfa með hagsmuni allra hagaðila fyrirtækisins að leiðarljósi í þeim tilgangi að tryggja tilvist og viðgang fyrirtækisins.

Í ljósi framtíðarsýnar Brimborgar er hlutverk félagsins að bjóða, til kaups eða leigu, sérsniðnar sjálfbærar heildarlausnir á sviði bíla og atvinnutækja og viðeigandi íhluta auk ráðgjafar og þjónustu við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

Sjálfbærnistefnan byggir á kjarnagildum sem miða að því að skapa menningu virðingar, trúmennsku og umhyggju þar sem starfsfólk er árangurs- og lausnadrifið, frumkvæði er í hávegum haft, starfsfólk sýnir ástríðu í sínum störfum og horfir til sjálfbærni hvað varðar umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti við hverja ákvörðun.

Kjarnagildin eru grundvallarmál og skapa traust og því viljum við vera;

- **Árangursdrifin:** Við viljum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum og framúrskarandi árangri eins og við með öflugri samvinnu innan teyma og milli teyma.
- **Lausnamiðuð:** Við hlustum á viðskiptavini og samstarfsfólk og nýtum hæfileika okkar til að finna bestu lausnirnar hratt og vel.
- **Frumkvöðlar:** Við erum forvitin, óhrædd við breytingar, hugrökk, víðsýn, lærum af mistökum og gleðjumst yfir árangri.
- **Ástríðufull:** Við erum stolt af starfi okkar, sinnum því glöð af virðingu og trúmennsku með gagnsæi og traust að leiðarljósi.
- **Sjálfbær:** Við hugum að framtíðinni við ákvarðanatöku með áherslu á snyrtimennsku og góða umgengni við umhverfið, tryggjum að ákvarðanir okkar hafi jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og virðum lög, reglur og góða viðskiptahætti með góðum stjórnarháttum.

### Meginreglur:

Stjórn, stjórnendur og starfsfólk Brimborgar skulu ávallt fylgja ákveðnum meginreglum sem eru:

- starfa eftir kjarnagildum fyrirtækisins.
- trúna að góð mannleg samskipti skapi félagslegan hreyfanleika fólks og stuðli að öryggi þess og lífshamingju.
- benda fólki á það sem vel er gert svo það læri að meta gæði eða notagildi.
- hlýða lögum ásamt félagslegum og faglegum viðmiðunum um áreiðanleika, aðgengileika og notagildi.
- leitast við að skilgreina og skilja óskir og þarfir hvers hagaðila í þeim tilgangi að aðstoða hann við að uppfylla eigin markmið um hreyfanleika á hagkvæman hátt.
- sækjast eftir því að vera fjárhagslega sjálfstætt og ná fram viðunandi hagnaði til hagsbóta fyrir hagaðila.
- ráða til samstarfs fagfólk af báðum kynjum með gildismat sem samrýmist kjarnagildum og meginreglum fyrirtækisins. Fólk sem metur mikils orð og gjörðir eins og sjálfbærni, ástríðu, ábyrgð, tillitssemi, umburðarlyndi, árangur, frumkvæði, þekkingarleit og samvirkni.
- veita reglubundna og rétta starfsþjálfun og framúrskarandi starfsaðstöðu.
- vinna með og þróa gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins í þeim tilgangi einum að auka gæði eða notagildi þjónustu Brimborgar með stöðugleika í samskiptum við hagaðila að markmiði.

### Meginmarkmið Brimborgar eru:

- að Brimborg verði eftirsóttasta fyrirtækið á íslenskum bíla- og atvinnutækjamarkaði, nýtt sem notað.
- að endursala vörumerkja Brimborgar verði framúrskarandi.
- að Brimborg verði eftirsóknarverðasti og öruggasti vinnustaður bílgreinarinnar og meðal þeirra framsæknu í vinnuverndar- og jafnréttismálum á Íslandi.
- að Brimborg verði í hópi fjárhagslega framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi.
- að Brimborg verði meðal framsæknu fyrirtækja á Íslandi í neytendaverndarmálum.

- að Brimborg verði meðal framsæknustu fyrirtækja á Íslandi í sjálfbærnimálum.
- að Brimborg verði fremsta bílaumboðið á Íslandi þegar litið er til hjartahlutdeildar, ánægju viðskiptavina.

Skipulag Brimborgar byggir á sex viðskiptasviðum og þremur stoðsviðum. Viðskiptasviðin, „Ford, Volvo, Polestar“, „Mazda, Citroën, Peugeot, Opel“, „Dollar Thrifty, Saga bílaleiga“, „Brimborg Akureyri“, „MAX1 Vélaland“ og „Veltir – atvinnutæki“ eru tekjusvið með starfsemi í samræmi við hlutverk Brimborgar með sérhæfðar áherslur á mismunandi birgja, vöru og þjónustu. Nánari upplýsingar um félagið og vöru- og þjónustuframboð þess má finna á vefnum [www.brimborg.is](http://www.brimborg.is) og fleiri vefsvæðum félagsins sem nálgast má þaðan.

Stoðsvið sjá um miðlæga starfsemi eins og fjármál- og upplýsingatækni, mannauðsmál, rekstur fasteigna félagsins, vöruhús og aðra miðlæga starfsemi. Framkvæmdastjórar eru yfir hverju sviði og forstjóri þeirra næsti yfirmaður. Markaðsdeild, umhverfisnefnd og netöryggisráð heyrir undir forstjóra. Jafnréttisnefnd og tvær öryggisnefndir Brimborgar heyra undir framkvæmdastjóra mannauðsviðs. Innkaupanefnd heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs.

Skipulagið er birt myndrænt á vef félagsins.

Félagið stýrir áhættu meðal annars með ítarlegri áætlanagerð niður á svið og deildir þar sem framkvæmdastjórar eru ábyrgir fyrir gerð, framsetningu, framkvæmd og framgangi áætlunar.

Markmið félagsins skulu ávallt endurspeglast í gildum þess og loforði skipulagsins um að vera öruggur staður að vera á. Hvort sem átt er við vinnustað eða stað til verslunar og þjónustu. Kjörorð fyrirtækisins er: Brimborg - öruggur staður til að vera á.

Sjálfbærnistefnan er leiðarljós starfsfólks Brimborgar og þar er að finna margvíslegar undirstefnur sem eru umhverfisstefna, mannauðsstefna sem innifelur jafnréttisstefnu, jafnlaunastefnu, stefnu gegn barnaþrælkun og nauðungarvinnu, stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi (ekki birt á vef) og stefnu um vernd uppljóstrara. Undir sjálfbærnistefnunna falla einnig innkaupastefna, persónuverndarstefna, stefna gegn mútum, samkeppnisstefna, upplýsingaöryggisstefna (ekki birt á vef), stjórnarháttayfirlýsing og starfsreglur stjórnar auk þess sem sjálfbærnistefnan sjálf innifelur leiðbeiningar um góða viðskiptahætti sem jafngildir siðareglum. Viðeigandi stefnur er að finna á vef félagsins.

### **Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna**

Brimborg hefur ákveðið að tengja sjálfbærnistefnu félagsins við eftirfarandi 13 af 17 [heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna](#).

- Engin fátækt (1) - leggja sitt af mörkum til að útrýma launamun með góðum og vel launuðum störfum með skýrri launastefnu og styrkja stöðu fólks sem stendur höllum fæti með sérstaka áherslu á börn.
- Heilsa og vellíðan (3) - Með forvörnum að styðja við starfsfólk til heilbrigðari lífstíls og með því að styðja við hópa sem standa höllum fæti og bæta þannig heilsu og auka vellíðan.
- Menntun fyrir alla (4) - Tryggja gott aðgengi starfsfólks að þjálfun, menntun, taka þátt í verkefnum sem fjölgar nemendum í verk- og tækninámi, efla læsi og vinna að framtíð íslenskrar tungu.
- Jafnrétti kynjanna (5) - vinna að jöfnun kynjanna í störfum í bílgreininni, vinna markvisst gegn kynferðislegu- og kynbundnu ofbeldi og hækka hlutfall feðra sem tekur fæðingarorlof.
- Sjálfbær orka (7) - Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa með orkuskiptum á landi og leggja áherslu orkusparnað, orkunýtni og framleiðslu á staðbundinni, sjálfbærri, orku sem minnkar álag á orkukerfi landsins.
- Góð atvinna og hagvöxtur (8) - Þjóða upp á góð, vel launuð störf þar sem pláss er fyrir fólk með skerta starfsgetu með áherslu á jöfn tækifæri og jöfn laun fyrir sömu vinnu og að þegar horft er til aukinnar framleiðni sé það gert í sátt við umhverfi og samfélag.
- Nýsköpun og uppbygging (9) - Byggja upp og viðhalda menningu nýsköpunar í félaginu, styðja við vísindarannsóknir á sviðum sem tengjast bílgreininni, orkumálum og ferðaþjónustu og leggja sitt af mörkum til að efla innviði í samgöngum og ferðaþjónustu með áherslu á hreinorku.

- Aukinn jöfnuður (10) - jafna stöðu fólks óháð uppruna, þjóðerni, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund og skapa tækifæri og aðstæður til að innflytjendur geti orðið virkir þátttakendur í íslensku samfélagi.
- Sjálfbærar borgir og samfélög (11) - leggja sitt af mörkum varðandi sjálfbæra borgarþróun t.d. er varðar samgöngur, byggingar og aðra innviði.
- Ábyrg neysla og framleiðsla (12) - Innleiða hringrásarhugsun í rekstur Brimborgar og aðstoða viðskiptavini við hringrásarhugsun til að tryggja að nýting auðlinda fari ekki yfir þolmörk náttúrunnar og tryggja að rekstur Brimborgar hvort sem er í bílgreininni eða í ferðaþjónustu sé í sátt við náttúru og samfélag.
- Aðgerðir í loftslagsmálum (13) - Vinna markvist með mælingum og markmiðasetningu með því að beita gagnadrifinni stjórnun að því að draga úr áhrifum Brimborgar á umhverfið og innleiða viðeigandi aðgerðir í framhaldi.
- Friður og réttlæti (16) - Virða ávallt lög og reglur og berjast gegn skipulagðri brotastarfsemi, tryggja vinnustað án ofbeldis, efla traust á fjölmiðlum, stjórnámálum, stjórnsýslu og réttarkerfi og styðja við hópa fólks sem eiga undir högg að sækja hvað varðar ofbeldi.
- Samvinna um markmiðin (17) - Tryggja að Brimborg og stjórnendur þessi sýni gott fordæmi, og vinni að markmiðum um sjálfbærni þegar kemur að umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum bæði inn á við og út á við.

### Sjálfbærniuppgjör Brimborgar 2023

Brimborg birtir árlega heildstætt sjálfbærniuppgjör skv. UFS-leiðbeiningum Nasdaq fyrir öll rekstrarsvið félagsins á öllum starfsstöðvum um allt land með ítarlegum upplýsingum um áhrif starfsemi sinnar á umhverfið (U), félagslega þætti (F) og stjórnarhætti (S) á vefsvæði félagsins, [www.brimborg.is](http://www.brimborg.is). Sjálfbærniuppgjórið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um UFS frammistöðu Brimborgar á tilteknu rekstrarári og er í samræmi við UFS-leiðbeiningar Nasdaq frá árinu 2019. Brimborg stefnir að því að sjálfbærniuppgjör félagsins verði í framtíðinni staðfest af ytri endurskoðendum.

Brimborg birtir í þriðja sinn heildstætt sjálfbærniuppgjör fyrir rekstrarárið 2023 í samræmi við ofangreint. Sjálfbærniuppgjórið er unnið með aðstoð sjálfbærnihugbúnaðarfyrirtækisins Klappir Grænar Lausnir en uppgjórið byggir á þeim upplýsingum sem umhverfishugbúnaður félagsins, Klappir EnviroMaster, hefur safnað saman yfir árið auk annarra umhverfisupplýsinga úr upplýsingakerfum Brimborgar auk upplýsinga um félagslega þætti og stjórnarhætti sem einnig er safnað í upplýsingatæknikerfum Brimborgar. Sjálfbærniuppgjórið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um UFS frammistöðu Brimborgar á árinu 2023 og er í samræmi við UFS-leiðbeiningar Nasdaq frá árinu 2019. Sjálfbærniuppgjórið er að finna á vef félagsins [www.brimborg.is](http://www.brimborg.is).

Brimborg gaf út sína fyrstu sjálfbærniskýrslu fyrir rekstrarárið 2021, aftur fyrir rekstrarárið 2022 og nú í þriðja sinn fyrir rekstrarárið 2023 auk þess að gefa nú fyrir rekstrarárið 2023 út fyrstu skýrsluna vegna flokkunarreglugerðar ESB. Í tengslum við aukna áherslu á sjálfbærnimál hóf Brimborg undirbúning að innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins (Corporate Sustainability Reporting Directive, CSRD) um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja og fólst undirbúningurinn meðal annars í vinnu við tvöfalda mikilvægisgreiningu með þátttöku innri og ytri hagaðila.

Brimborg hefur hafið vegferð að því að setja sér markmið til styttri og lengri tíma út frá vísindalegum samþykktum aðferðum þar sem m.a. verða sett markmið um að ná niður kolefnisspori árið 2030 til að leggja sitt af mörkum til að ná losunarmarkmiðum Íslands og til lengri tíma að verða kolefnishlutlaus. Þessi markmið og aðgerðir verða í samræmi við Parísarsamkomulagið um að halda hækkun á hitastigi jarðar innan við 1,5°C til 2030 (Science Based Target, SBTi).

### Umhverfisleg sjálfbærni

Brimborg vinnur í samræmi við umhverfisstefnu félagsins, Visthæf skref, þar sem lögð er áhersla á raunhæf skref til jákvæðra áhrifa á umhverfið sem endurspeglast einnig í innkaupastefnu félagsins. Stefnunum er fylgt eftir í stjórn og af umhverfisnefnd og innkaupanefnd með mælanlegum markmiðum og aðgerðum og eru niðurstöður birtar árlega í sjálfbærniuppgjóri félagsins.

Forsvarsmenn félagsins taka virkan þátt í samfélagsumræðu og starfi sem snýr að umhverfismálum. Félagið hefur skrifað undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar og fylgir lögum og reglum um áhrif reksturs félagsins á umhverfi sitt.

### Sjálfbærniuppgjör

Í sjálfbærniuppgjöri félagsins fyrir árið 2023 er kolefnispor Brimborgar reiknað með aðstoð Klappar kerfisins út frá umfangi 1 (bein losun), umfangi 2 (óbein losun frá raforku og heitavatns notkun) og sex undirflokkum í umfangi 3 (óbein losun úr virðiskeðju). Tengt þessu þá hóf Brimborg á árinu 2022 og í framhaldi árið 2023 vegferð sína í átt að fullu kolefnishlutleysi með því að undirbúa loftslagstengd markmið út frá Science Based Targets Initiative (SBTi). Umfang verkefnisins reyndist meira en reiknað var með og verður því haldið áfram árið 2024 sem meðal annars byggir á viðamikilli aðgerðaáætlun til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Brimborg hélt áfram vinnu við stefnumótun út frá UFS viðmiðum með því að framkvæma mikilvægisgreiningu og setja fram lykilmælikvarða og mælanleg markmið og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2024.

### Kolefnisjöfnun

Í lögum um loftslagsmál er kolefnisjöfnun skilgreind á þann hátt að „þegar aðili hlutast til um aðgerðir annars aðila til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti“.

Með nokkurri einföldun má því segja að kolefnisjöfnun felist í því að einstaklingar eða lögaðilar bæti fyrir eigin losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) með því að fjármagna verkefni sem a) koma í veg fyrir losun á samsvarandi magni GHL annars staðar eða b) fjarlægja samsvarandi magn GHL úr andrúmsloftinu.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að kolefnisjafna losun fyrirtækis að hluta til eða í heild sinni er mikilvægt að velja verkefni sem hafa raunverulegan loftslagsávinning í för með sér. Varhugavert getur verið að staðhæfa um kolefnishlutleysi eða kolefnisjöfnun ef ekki er til staðar vottað losunarbókhald og á móti því vottaðar kolefniseiningar sem og vottun um kolefnishlutleysi. Umhverfisstofnun mælir með á vef sínum tilteknum viðmiðum við kaup opinberra aðila á kolefniseiningum.

Brimborg stundar skógrækt í litlu mæli á Esjumelum þar sem starfsfólk plantar trjám á hverju vori. En í samræmi við umhverfisstefnu Brimborgar hefur félagið ekki fullyrt um kolefnisbindingu vegna þess né keypt kolefniseiningar til jöfnunar og því ekki notað kolefnisjöfnun í markaðs- og kynningarefni félagsins. Sérfræðingar á sviði umhverfisverndar hafa varað við því að kolefnisjöfnun sé mögulega ekki sjálfbær til lengri tíma lítið og lagt frekar áherslu á að nýta fjármagnið í að draga sannarlega úr losun sem sé forgangsmál. Spurningar hafa t.d. vaknað varðandi langtímagetu skóga og jarðvegs til kolefnisgeymslu þar sem hætta er á skógarhöggi, skógareldum, óveðri, sjúkdómum í trjám eða öðrum áhrifum af völdum loftslagsbreytinga og sama gæti átt við um endurheimt votlendis og landgræðslu.

### Úrgangsstjórnun

Úrgangsstjórnunarferlar voru yfirfarnir á árinu með það að markmiði að skýra betur gagnvart starfsfólki flokkun úrgangs og endurvinnslu. Það leiddi til margvíslegra breytinga í úrgangsflokkun með aukinni þjálfun og betra skipulagi á ílátum fyrir úrgang. Einnig var innleidd jarðgerðarvél sem umbreytir lífrænum úrgangi í jarðvegsbæti. Framúrskarandi árangur náðist í endurvinnsluhlutfalli sem hækkaði í 94,5% jafnvel þó að flokkunarhlutfall hafi lækkað aðeins. Ástæða lækkunar flokkunarhlutfalls er sú að niðurrif byggingar árið áður hækkaði hlutfallið það ár en á móti breyttist framkvæmd urðunar óflokkaðs úrgangs sem fór meira til endurvinnslu (brennsla til orkuvinnslu) sem þ.a.l. hækkaði endurvinnsluhlutfallið.

### Aðgerðir

Brimborg jók sölu rafmagns fólks- og sendibíla á árinu 2023 og var annar stærsti innflytjandi rafbíla í þessum ökutækjaflokkum á árinu. Í framhaldi af kynningu á fyrstu Volvo rafmagnsvörubílunum árið 2022 voru þeir fyrstu afhentir á Íslandi á árinu 2023 og teknir í notkun. Um áramótin höfðu

Þeir verið eknir um 190 þús km. Áætlað er að árlegur akstur getið numið um 550 þús. km á heilu rekstrarári og að sparnaður í losun geti numið um 600 þús. tonn CO<sub>2</sub> sem jafngildir losun um 250 bensínbíla. Kaupendur fengu stuðning við kaupin frá Orkusjóði en hleðsluinnviðir voru hins vegar settir upp af kaupendum á starfsstöðvum þeirra þar sem hleðsla fer fram á einstaklega hagstæðu raforkuverði. Auk þess fjárfesti Brimborg í öflugri 600 kW hraðhleðslu í Reykjanesbæ án stuðnings Orkusjóðs til að efla þungaflytninga á rafmagni og hópþreifreiðaakstur á rafmagni á milli höfuðborgarsvæðisins og Reykjanesbæjar. Einnig voru fyrstu Volvo rafmagns vinnuvélarnar afhentar á árinu.

Lokið var við uppsetningu varmadælu fyrir Polestar salinn á þaki hans og er hún meðal annars knúinn raforku frá sólarorkuverinu sem einnig er á þakinu og var uppsett árið 2022. Fjárfestingar í sólarorkuveri og varmadælu eru í anda hugmyndafræðinnar um framneytanda (Prosumer) þar sem orkunotandinn er einnig framleiðandinn og áhersla er á orkunýtni, orkusparnað og staðbundna orkuframleiðslu sem dregur úr áhrifum á umhverfið, lækkar kostnað, minnkar álagstoppa og léttir á almennu raf- og heitavatns orkukerfum.

Venjulegum AC hleðslustöðvum var fjölgað við starfsstöðvar Brimborgar vegna aukins fjölda rafbíla í rekstri Brimborgar og aukins fjölda rafknúinna sýningar- og reynsluakstursbíla.

Að auki voru teknar í notkun fjölmargar hraðhleðslustöðvar á árinu. Ein 200 kW stöð með tveimur tengjum á Bíldshöfða 6, önnur 50 kW með tveimur tengjum á sama stað og einnig 50 kW stöð með tveimur tengjum á Bíldshöfða 8 og eru allar opnar almenningi en nýtast einnig í rekstri Brimborgar.

Á Hádegismóum 8 í Reykjavík í tilefni komu fyrstu rafmagnsvörubíla var sett upp 180 kW hraðhleðslustöð með tveimur tengjum, ein 43 kW AC stöð og nokkrar 22 kW AC stöðvar. Á sama tíma var sett upp 60 kW hraðhleðslustöð með tveimur tengjum og 120 kW hraðhleðslustöð einnig með tveimur tengjum við Jafnasel í Reykjavík. Allar þessar stöðvar eru opnar almenningi um leið og þær nýtast í rekstur Brimborgar.

Um sumarið var hafist handa við uppsetningu á 600 kW stöð með 8 tengjum í Reykjanesbæ og var hún opnuð í nóvember og er opin almenningi fyrir allar stærðir ökutækja, meðal annars vörubíla og hópferðabíla, auk þess sem hún nýtist til hleðslu rafbíla fyrir útleigu til ferðamanna. Í sama mánuði var opnuð 180 kW stöð með tveimur tengjum á Breiðhöfða 1 sem opin er almenningi og nýtist fyrir rekstur Brimborgar og á sama stað 50 kW stöð með tveimur tengjum. Þær nýtast vel fyrir rekstur rafsendibílaeigu en Brimborg hóf útskipti dílsendibíla í leigunni í nóvember 2023 og kláraði þau útskipti á fyrsta fjórðungi ársins 2024. Um er að ræða fyrstu rafsendibílaeiguna á landinu.

Mikið átak var gert til að bjóða langtímaleigu á rafbílum og jókst rafbílafloti bílaeigu Brimborgar umtalsvert á árinu sem jók hlutdeild Brimborgar á rafbílamarkaði, fjölgaði rafbílum í landinu en um leið ýtti undir notkun viðskiptavina Brimborgar á hreinorkubílum sem dregur úr brennslu jarðefnaeldsneytis og losun í umfangi 3. Einnig byrjaði bílaeiga Brimborgar að bjóða rafbíla til útleigu til erlendra ferðamanna sumarið 2023 í tilraunaskyni og gekk það vel þó eftirspurn hafi verið lítil. Áhrifin eru jákvæð á hlutdeild Brimborgar á rafbílamarkaði, fjölda rafbíla í landinu, samdrátt í brennslu jarðefnaeldsneytis og losun bæði af völdum erlendra viðskiptavina í umfangi 3 en einnig brennslu og losun í umfangi 1 og 2 hjá Brimborg.

Samhengi við heimsmarkmið

Heimsmarkmið 7, sjálfbær orka. Rafbílum var fjölgað í rekstri félagsins, bæði almennum rekstri og í bílaeigu félagsins. Fyrstu rafmagnsvörubíla og rafmagns vinnuvélarnar voru afhentar viðskiptavinum. Hlutfall rafbíla af heildarinnflutningi Brimborgar jókst enn frekar og fór yfir 55%. Þessi árangur jók hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í vegasamgöngum og jók orkusparnað þar sem rafbílur eru einstaklega orkunýtnir. Umtalsvert uppbygging hraðhleðslustöðva á vegum félagsins fór einnig fram á árinu. Einnig náðist nokkur sparnaður í notkun á heitu vatni með betri vöktun á snjóbræðslukerfi. Varmadæla var tekin í notkun sem sparaði kaup á heitu vatni frá dreifikerfinu hitaveitunnar. Fulltrúi Brimborgar leiddi hóp á vegum SA og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um Loftslagsvegvisi atvinnulífsins í vegasamgöngum með það að markmiði að hraða orkuskiptum í vegasamgöngum.

Heimsmarkmið 9, nýsköpun og uppbygging. Mikil vinna var lögð í þróun og uppbyggingu hraðhleðslustöðva sem styður við menningu nýsköpunar í félaginu auk þess að styðja við orkumál í

landinu og efla hreinorkusamgöngur almennt, fyrir þungaflutninga og hópferðabíla og ekki síst fyrir ferðaþjónustuna.

Heimsmarkmið 11, sjálfbærar borgir og samfélög. Aðgerðirnar sem studdu við heimsmarkmið 7 og 9 telja öll hér en einnig var unnið að endurbótum á fasteign í samræmi við BREEAM In-Use vottun með sérstaka áherslu á orkusparnað, orkunýtni og bættu innvist.

Heimsmarkmið 12, ábyrg neysla og framleiðsla. Aukin þjálfun starfsmanna við flokkun úrgangs, bætt flokkunaraðstaða, bættar flokkunarmerkingar og leiðbeiningar og innleidd jarðgerðarvél til að motta lífrænan úrgang frá mótuneytum.

Heimsmarkmið 13, aðgerðir í loftslagsmálum. Mælingar á brennslu jarðefnaeldsneytis og losunar hafa verið gerðar þrjú ár í röð og markvisst unnið að hækkan hlutfalls rafbíla í flota Brimborgar, hvort sem er í almennan rekstur eða bílaleigu, til að draga úr brennslu og losun. Mikil áhersla lögð á að markaðssetja og afhenda rafmagnsvörubíla og rafmagnsvinnuvélar til viðskiptavina og fylgst náið með akstri og árangri í samdrætti í brennslu og losun. Aukin hlutdeild rafbíla í innflutningi Brimborgar. Varmadæla innleidd til að draga úr kaupum á heitu vatni og sparnaður í notkun heits vatns í snjóbræðslukerfi.

### **Félagsleg sjálfbærni**

Brimborg vinnur að félagslegri sjálfbærni í anda kjarnagilda sjálfbærnistefnu félagsins auk þess að vinna eftir mannauðsstefnu sem innifelur jafnréttisstefnu, jafnlaunastefnu, mannréttindastefnu, stefnu gegn barnaþrælkun og nauðungarvinnu, stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi (ekki birt á vef) og stefnu um vernd uppljóstrara. Aðrar stefnur eins og innkaupastefna, persónuverndarstefna, stefna gegn mútum, stjórnarháttayfirlýsing, starfsreglur stjórnar auk siðareglna stjórnar, stjórnenda og starfsfólks miða einnig að því að efla félagslega sjálfbærni. Árangri er fylgt eftir í stjórn og af jafnréttisnefnd, tveimur öryggisnefndum og persónuverndarfulltrúa ásamt því að gerðar eru reglulegar kannanir meðal starfsfólks.

Starfsfólki er ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynþáttar, þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar, skoðana og annarra þátta auk þess sem félagið framfylgir ofangreindum stefnum. Brimborg starfar í kviku samkeppnisumhverfi sem gerir miklar kröfur til starfsmanna og kallar á stöðugar breytingar á starfsemi sem krefst vinnustaðamenningar sem tekur breytingum fagnandi. Til að byggja undir þá menningu er lögð áhersla á að allir starfsmenn hafi möguleika á framþróun í starfi, þjálfun og annarri endurmenntun.

Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar félagsins fari að lögum um réttindi starfsmanna sinna hvort sem um er að ræða launþega eða undirverktaka og að þeir uppfylli kröfur í samræmi við stefnur Brimborgar um innkaup.

Ofbeldi eða áreitni, hvort sem er andlegt eða líkamlegt, líðst ekki og getur varðað brottvikningu úr starfi. Starfsfólk sem verður fyrir slíkri áreitni er hvatt leita til næsta yfirmanns, mannauðsstjóra eða trúnaðarmanna til að koma málinu í farveg.

Starfskjarastefna félagsins um starfskjör stjórnenda og starfsmanna hefur það að markmiði að laða að og halda í mjög hæft starfsfólk. Í stefnunni segir að kyn og aðrir persónueiginleikar sem ekki tengjast inntaki starfs eða frammistöðu í starfi skulu ekki hafa áhrif á laun eða launapróun. Til að tryggja sanngirni og samræmi í launamálum hefur Brimborg innleitt jafnlaunavottun og hafa stjórnendur aðgang að miðlægum viðmiðum um launabyggingu félagsins á hverjum tíma og launapróun á ytri markaði.

Brimborg tekur samfélagslega ábyrgð alvarlega og leggur áherslu á að hún sé samofin menningu félagsins sem endurspeglast í meginreglum þess. Félagið leggur mikla áherslu á að starfsmenn þess hlíti lögum og reglum í hvívetna, góðir stjórnarhættir séu viðhafðir og samkeppnis- og persónuverndarlög séu virt. Réttindi starfsmanna séu virt í hvívetna m.a. með skriflegum ráðningarsamningum, jafnréttisstefnu og jafnlaunavottun sem var staðfest 12.4.2021. Að auki leggur félagið mikla áherslu á að taka þátt í samfélagslegum verkefnum. Á árinu voru áherslurnar á orkuskipti, loftslagsmál og hringrásarhagkerfið. Tók starfsfólk félagsins umtalsverðan þátt í vinnu á vegum stjórnvalda og hagsmunasamtaka sem fólst í að kortleggja leiðir til að hraða orkuskiptum, draga úr koltvísýringslosun og efla hringrásarhagkerfið.

Starfsfólki af erlendu bergi brotnu fjölgaði mjög og voru af 21 þjóðerni sem er nálægt 19% af starfsfólki. Aukin áhersla var á miðlun upplýsinga á ensku auk íslensku. Nýjar starfsánægjukannanir voru innleiddar og aukin áhersla lögð á innleiðingu endurbóta í kjölfar þeirra og skipulega upplýst um framgang verkefna.

Aðgerðir og samhengi við heimsmarkmið

Heimsmarkmið 1, engin fátækt. Jafnlaunastefnan er virk í framkvæmd, allt starfsfólk er með ráðningarsamninga, launakjör ávallt yfir lágmarkslaunum og lögð er sérstök áhersla á að starfsfólk fái framgang í starfi með hliðsjón af árangri sem er mældur á margvíslegan hátt. Fjölgað hefur verið starfsfólki af erlendum uppruna en starfsfólk af 21 þjóðerni er nú starfandi hjá félaginu sem er um 19% af heildarfjölda. Félagið hefur tekið þátt í að koma flóttamönnum og hælisleitendum inn á vinnumarkaðinn í samstarfi við góðgerðafélög sem að því vinna. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja að starfsfólk af erlendum uppruna aðlagist fljótt vinnustaðnum og sama á við um aðra minnihlutahópa.

Heimsmarkmið 3, heilsa og vellíðan. Bætt var í heilsufarsskoðun, aukin hvatning til starfsmanna að stunda heilbrigðan lífsstíl og áfram er stutt við starfsmenn að nýta aðra samgöngumáta eins og hjól eða göngu.

Heimsmarkmið 4, menntun fyrir alla. Aukin áhersla var á að bjóða nemum störf og gerðar endurbætur á ferlum varðandi stuðning við nema. Aukin hvatning til starfsmanna um að sækja sér endurmenntun, aukin þjálfun innanhúss og lögð drög að bættu skipulagi þjálfunar og kennslu með nýju starfi kennslu- og fræðslustjóra.

Heimsmarkmið 5, jafnrétti kynjanna. Mikil áhersla er á að fylgja jafnréttisstefnu og jafnlaunastefnu. Lögð er áhersla á í auglýsingum að hvetja konur til umsókna enda lágt hlutfall þeirra í bilgreininni. Í heild hefur hlutfallið ekki mikið breyst en þó eru breytingar í jákvæða átt í deildum sem áður töldu fáar eða engar konur.

Heimsmarkmið 8, góð atvinna og hagvöxtur. Brimborg er í fararbroddi hvað meðallaun í bilgreininni varðar með áherslu á jöfn tækifæri og laun og ávallt haft í huga að veita starfsfólki sem eru fyrir framgang í starfi. Tekjuvöxtur félagsins var ríflega 10% með mikla áherslu á hreinorkuökutæki af öllum gerðum, viðgerðir hreinorkubíla, byggingu hreinorkuinnviða og framúrskarandi úrgangsstjórnun til að tryggja sátt við umhverfi og samfélag.

Heimsmarkmið 10, aukinn jöfnuður. Með áherslu á jafnrétti og jafnlaun og að bjóða velkomið fólk af margvíslegum uppruna, þjóðerni, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund og skapað aðstæður og tækifæri fyrir innflytjendur svo þeir geti orðið virkir þátttakendur í íslensku samfélagið skapar aukin jöfnuð. Það endurspeglast í mikilli aukningu starfsfólks af erlendum uppruna og góðan árangur við aðlögun að vinnustaðnum.

Heimsmarkmið 16, friður og réttlæti. Félagið leggur mikla áherslu á að virða lög og reglur, berst gegn skipulagðri brotastarfsemi með því að velja birgja af kostgæfni. Einnig eru viðskiptavinir sem kaupa skráningarskyld ökutæki rýndir í samræmi við lög um varnir gegn hryðjuverkum og peningaþvætti. Lögð er áhersla á vinnustað án eineltis eða ofbeldis af nokkru tagi og skýrar viðbragðsáætlanir til staðar ef atvik af því tagi koma upp.

### **Sjálfbærir stjórnarhættir**

Brimborg vinnur markvisst að því að tryggja góða stjórnarhætti með skýru skipulagi, heildstæðri sjálfbærnistefnu sem inniheldur reglur sem leiðbeina um gott viðskiptasiðferði, stjórnarháttayfirlýsingu, starfsreglum stjórnar, stefnu gegn spillingu og mútum, samkeppnisstefnu og upplýsingaöryggisstefnu auk þeirra stefna sér hér eru nefndar á undan undir umhverfis- og félagslegri sjálfbærni. Árangri er fylgt eftir eins og fyrr er nefnt með mælingum meðal starfsfólks, birgja og viðskiptavina og virkum nefndum ásamt því að fylgst er með umfjöllun um félagið, dómsmálum, úrskurðum og öðru sem getur sagt til um árangur stjórnarháttanna.

Á þessu sviði er lögð rík áhersla á kjarnagildin og að allt starfsfólk og stjórnendur virði lög og stundi góða viðskiptahætti og viðhafi gott viðskiptasiðferði gagnvart öllum hagaðilum. Starfsfólk ber að tilkynna atvik til næsta yfirmanns eða beint til yfirstjórnar sem það telur að sé lögbrot eða á mörkum góðra viðskiptahátta eða góðs siðferðis og er fyllsta trúnaðar gætt sé þess óskað og gjaldit

Það þess á engan hátt í starfi. Félagið hefur innleitt skrifleg ferli og starfsfólk í viðeigandi störfum undirritað varðandi móttöku fjármuna frá viðskiptavinum þar sem leiðbeint er um hvernig meðhöndla skal peningagreiðslur og upplýsingagjöf vegna þeirra varðandi varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Félagið fylgir siðareglum og stefnu um að stjórnendur og annað starfsfólk skuli ekki þiggja gjöf, þjónustu, skemmtun eða persónulegan greiða sem með réttu mætti álykta að gæti haft áhrif á viðskipti. Boð um skemmtun ætti ekki að þiggja nema boðið sé innan marka viðurkenndrar viðskiptagestrisni. Fáir starfsfólk tilboð eða jafnvel hótanir í tengslum við störf sín ber viðkomandi að tilkynna það yfirmanni sínum strax.

Félagið virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga, fylgir persónuverndarstefnu og leggur áherslu á að starfsemi sé hagað á þann hátt eða hún samræmist þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem Brimborg hefur valið að tengja við sjálfbærnistefnu félagsins.

Aðgerðir og samhengi við heimsmarkmið

Heimsmarkmið 17, samvinna um markmiðin. Við setjum umfjöllun um þetta heimsmarkmið hér þar sem það á við um umhverfis- og félagslega sjálfbærni auk sjálfbæra stjórnarhætti. Mjög mikið var lagt upp úr samvinnu um aðgerðir sem vinna að markmiðunum, hvort sem er gagnvart innri eða ytri hagaðilum. Reglulegt upplýsingastreymi er til starfsmanna um framgang og haldnar voru fjöldi kynninga á sólarorkuveri, varmadælu, rafbilavæðingu almennt, rafvæðingu vörubíla- og vinnuvéla og uppbyggingu hleðsluinnviða. Auk þessa voru skrifaðar fjöldi greina um sjálfbærnimál, hvort sem tengdust umhverfismálum (orkuskiptin, orkuframleiðsla, orkunýtni, úrgangsstjórnun og fleira), félagslegum þáttum (flokunarreglugerðin og fleira) eða stjórnarháttum (upplýsingaöryggi) og ásamt margvíslegu öðru framlagi. Í kjölfar netárásar upplýsti Brimborg opinberlega um árásina, viðbragð félagsins við henni og aðgerðir í kjölfarið með það að markmiði að auka vitund um upplýsingaöryggi almenn á Íslandi.

### **Sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja (CSRD)**

Væntanlegar eru auknar kröfur til sjálfbærniupplýsingagjafa þegar tilskipun Evrópusambandsins (Corporate Sustainability Reporting Directive, CSRD) um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og/eða skráðra fyrirtækja verður innleidd hér á landi. Brimborg mun leggja áherslu á að uppfylla þær kröfur sem meðal annars felast í tvöfaldri mikilvægisgreiningu um fjárhagslegt – og áhrifamikilvægi.

### **Upplýsingagjöf vegna flokkunarreglugerðar ESB**

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin voru afturvirk til 1. janúar 2023 og gilda því um allt fjárhagsárið 2023.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Atvinnustarfsemin þarf að stuðla verulega að einu eða fleirum af umhverfismarkmiðunum sex sem tilgreind eru í reglugerðinni en á sama tíma má hún ekki skaða önnur. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og hlíta öðrum tæknilegum matsviðmiðum.

Umhverfis- markmiðin	Mótvægi við loftslagsbreytingar
	Aðlögun að loftslagsbreytingum
	Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda
	Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi
	Mengunarvarnir og eftirlit með mengun
	Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa



Tæknileg matsviðmið fyrir umhverfismarkmiðin mótvægi við loftslagsbreytingar og aðlögun að loftslagsbreytingum hafa verið innleidd með framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tilgreind fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi en framseld reglugerð ESB 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið og framseld reglugerð ESB 2023/2485 um uppfærslu á loftslagsmarkmiðum tóku gildi innan ESB árið 2023 og bíða innleiðingar hér á landi.

Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingarútgjalda og rekstrarútgjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hækri (e. eligible) starfsemi, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd (e. aligned) starfsemi þ.e.a.s. umhverfislega sjálfbær.

Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum skv. gr. 66d í ársreikningalögum nr. 3/2006 og er Brimborg þar á meðal.

### Hæf starfsemi í skilningi reglugerðarinnar

Hæf (e. eligible) starfsemi er sú starfsemi félagsins sem samræmist lýsingu flokka sem hafa verið skilgreindir í reglugerð. Brimborg einbeitti sér að kjarnastarfsemi. Að athuguðu máli taldi félagið að hæf starfsemi félagsins næði til eftirtaldr flokka:

- **Flokkur 3.3 Framleiðsla á lágkolefnistækni fyrir flutninga.**
- **Flokkur 4.1 Raforkuframleiðsla með notkun sólarraforkutækni.**
- **Flokkur 4.9 Flutningur og dreifing á raforku.**
- **Flokkur 4.16 Uppsetning og starfræksla rafmagnsvarmadæla.**
- **Flokkur 7.4 Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum.**
- **Flokkur 6.5 Flutningar með mótörhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum.**
- **Flokkur 7.7 Kaup og eignarhald á byggingum.**

Brimborg skoðar flokk 6.15 samhliða flokki 4.9.

- **Flokkur 6.15 Grunnvirki sem gerir flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun mögulega.**

Brimborg skoðaði lauslega eftirtalda flokka en ákvað að bíða með nánari greiningu til rekstrarársins 2024.

- **Flokkur 7.1 Smíði nýrra bygginga.**
- **Flokkur 7.2 Endurnýjun bygginga sem fyrir eru**
- **Flokkur 5.5 Söfnun og flutningur á hættulausum úrgangi sem er aðgreindur í hluta við upptök**

Nú verður nánar fjallað um einstaka starfsemi félagsins sem er metin hæf.

### Kjarnastarfsemi og starfsemi hvers megin hlutverk er mótvægi við loftslagsbreytingum

#### 3.3 Framleiðsla á lágkolefnistækni fyrir flutninga

Undir þessum flokki eru viðgerðir, viðhald, endurbætur, og uppfærsla á ökutækjum með litla losun kolefnis. Atvinnustarfsemi á verkstæðum Brimborgar fellur þar undir, hvort sem er á þjónustuverkstæðum félagsins fyrir fólks- og sendibíla, bíla hraðþjónustu hjá MAX1, almennar viðgerðir fyrir allar tegundir bíla hjá Vélalandi eða þjónustuverkstæði fyrir vörubíla og hópferðabifreiðar hjá Velti. Á öllum þessum starfstöðvum er meðal annars verið að þjónusta rafknúna, að hluta eða öllu leiti, fólks- (M1), sendi- (N1) og vöru- (N2 og N3) og hópifreiðar (M2 og M3) með enga eða litla losun kolefnis í gegnum útblástursrör.

#### 4.9 Flutningur og dreifing á raforku

Brimborg rekur hraðhleðslustöðvar fyrir rafknúin ökutæki undir vörumerkinu Bílorka. Í dag má finna hraðhleðslustöðvar Brimborgar opnar almenningi á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ en þær nýtast einnig fyrir eigin starfsemi félagsins. Í tengslum við flokk 4.9 skoðaði Brimborg líka flokk 6.15 Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg. Á árinu 2024 verður skoðað nánar hvort eigi betur við að flokka starfsemina einungis undir 6.15 frekar en 4.9. Að þessu sinni verður velta, fjárfestingarútgjöld og rekstrarútgjöld flokkuð undir flokk 4.9.

#### **4.1 Raforkuframleiðsla með notkun sólarraforkutækni**

Árið 2022 var reist sólarorkuver á þaki sýningarsals rafbílavörumerkisins Polestar. Raforkan sem framleidd er, nýtist til reksturs sýningarsalarins og við keyrslu varmadælu. Þegar framleiðslan er sem mest við góð birtuskilyrði er jafnvel hægt að nýta umfram framleiðslu til að knýja aðra starfsemi í húsnæði Brimborgar á sömu lóð.

#### **6.15 Grunnvirki sem gerir flutninga á vegum og almenningsamgöngur með litla losun mögulega**

Sú starfsemi Brimborgar sem fjallað er um í 4.9 hér að ofan fellur líka undir flokk 6.15, sér í lagi þar sem stöðvarnar eru nauðsynlegar til að starfrækja losunarlausu flutninga á vegum og í þéttbýli án koltvísýringslosunar gegnum útblástursrör. Eins og fjallað er um hér að ofan þá verður á árinu 2024 skoðað nánar hvort eigi betur við að flokka starfsemina einungis undir 6.15 frekar en 4.9.

#### **6.5 Flutningar með mótorhjólum, fólk-bifreiðum og léttum atvinnuökutækjum**

Brimborg býður langtímaleigu, sendibílaeigu og hefðbundna skammtímaleigu undir vörumerkjunum Thrifty, Dollar og Saga Car Rental. Að auki bjóða verkstæði Brimborgar upp á þjónustuleigu fyrir viðskiptavinum. Fyrirtækið notar enn fremur eigin bíla til daglegs reksturs, til að mynda á verkstæðum, í vöruhúsum, á skrifstofu og fyrir stjórnendur.

### **Önnur starfsemi sem passar við lýsingu flokka í reglugerð**

#### **5.5 Söfnun og flutningur á hættulausum úrgangi sem er aðgreindur í hluta við upptök**

Þessi flokkur nær mögulega til starfsemi Brimborgar. Sökum eðlis starfsemi Brimborgar og mikilla umsvifa þá fellur til margvíslegur úrgangur í miklu magni sem er endurnotanlegur eða endurvinnanlegur. Þar má nefna margvíslega málma, dekk, pappír og timbur frá umbúðum og margt fleira. Úrgangslosun fer eftir flokkunarkerfi og ferlum Brimborgar og flokkunaraðstaða er til staðar á ýmsum starfstöðvum Brimborgar. Stefnt er að frekari greiningu á árinu 2024.

### **Umhverfislega sjálfbær starfsemi**

Til að hæf starfsemi teljist vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að uppfylla tæknileg matsviðmið um hvort hún sé verulegt framlag (e. substantial contribution) til eins eða fleiri af sex umhverfismarkmiðum sem tilgreind eru í reglugerðinni. Á sama tíma þarf hún að hlíta tæknilegum matsviðmiðum um að valda ekki verulegu tjóni (e. do no significant harm) á öðrum umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar. Tæknilegu matsviðmiðin er að finna í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 og sýna þarf með gögnum hvort þau séu uppfyllt. Að lokum þarf hún að vera í samræmi við lágmarks verndarráðstafanir (e. minimum safeguards) skv. 18. grein

#### **4.16 Uppsetning og starfræksla rafmagnsvarmadæla**

Árið 2023 var sett upp varmadæla (loft í vatn) á þaki sýningarsals fyrir rafbílavörumerkið Polestar. Varmadælan nýtir varma frá útilofti sem notaður er til að hita upp vatn sem fer í gegnum varmaskipti við loftræsikerfið sem blæs þannig upphituðu, fersku lofti inn í rýmið og dregur þannig úr orkuþörf frá jarðvarma til gólfhitakerfis.

#### **7.4 Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslu-stöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)**

Á bílastæðum við allar byggingar Brimborgar hafa verið settar upp hleðslustöðvar fyrir rafknúin ökutæki sem notuð eru af söludeildum, verkstæðum, bílaleigu, starfsmönnum Brimborgar og viðskiptavinum.

#### **7.7 Kaup og eignarhald á byggingum**

Fasteignafjárfestingar, eignarhald, leiga og rekstur fasteigna falla undir þennan flokk en Brimborg á og rekur fasteignir á átta stöðum fyrir eigin rekstur og að hluta til útleiga.

#### **7.1 Smíði nýrra bygginga**

Þessi flokkur nær líklega til starfsemi Brimborgar sem m.a. hefur reist byggingar fyrir eigin starfsemi, þar sem hluti bygginga hefur verið leigður út eða nýttur af utanaðkomandi aðila. Stefnt er að frekari greiningu á árinu 2024.

#### **7.2 Endurnýjun bygginga sem fyrir eru**

Þessi flokkur nær líklega til starfsemi Brimborgar sem m.a. hefur farið í endurnýjun á byggingum sem hýsa eigin starfsemi. Stefnt er að frekari greiningu á árinu 2024.

flokkunarreglugerðarinnar. Brimborg telur að umhverfismarkmiðið mótvægi við loftslagsbreytingar eigi best við starfsemi félagsins og að starfsemi félagsins stuðli verulega að því.

Tvö skilyrði flokks 3.3 um framleiðslu á lággöfnistækni fyrir flutninga eru framleiðsla, viðgerðir, viðhald, endurbætur, önnur notkun eða uppfærsla á: f) farartækjum í flokki M1 og N1 sem eru flokkuð sem létt ökutæki með sértæka losun koltvísýrings sem er minni en 50 g CO<sub>2</sub>/km og i) farartækjum í flokki N2 og N3, sem eru ekki ætluð til flutninga á jarðefnaeldsneyti, með tæknilega leyfilegan hámarks massa með farmi umfram 7,5 tonn, sem eru „þung ökutæki með engri losun“ eða „þung ökutæki með lítilli losun“. Þarf starfsemin einungis að vera til staðar til að teljast stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar.

Skilyrði fyrir að flokkur 4.1 um raforkuframleiðslu með notkun sólarraforkutækni teljist stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar er einungis að í starfseminni sé framleitt rafmagn með slíkri tækni. Það skilyrði stenst Brimborg og uppfyllir starfsemin kröfu um verulegt framlag að því leyti.

Tveir flokkar ná yfir starfsemi tengda hleðslustöðvum, flokkur 4.9 um flutning og dreifingu á raforku og flokkur 7.4: uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum. Brimborg metur muninn á þessum tveimur flokkum, þegar kemur að hleðslustöðvum, að hleðslustöðvar sem settar eru upp á bílastæðum í og við byggingar Brimborgar eða á öðrum bílastæðum og við aðrar byggingar falli undir flokk 7.4, en aðrar hleðslustöðvar þar sem meginstarfsemin felst í að veita almenningi aðgang að hleðslu falli undir flokk 4.9.

Eina krafan í flokki 7.4 er að starfsemin sé til staðar. Kröfur í flokki 4.9 eru uppbygging og rekstur á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki og stuðningur við raforkugrunnvirki fyrir rafvæðingu flutninga. Til að starfsemin megi falla undir flokk 4.9 þarf að fara eftir tæknilegum matsviðmiðum samkvæmt þættinum um flutninga. Samkvæmt skilningi Brimborgar er það flokkur 6.15 um grunnvirki sem gerir flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun mögulega. Hleðslustöðvarnar uppfylla kröfur um verulegt framlag í flokki 6.15 þar sem þær eru ekki ætlaðar til flutnings eða geymslu á jarðefnaeldsneyti og eru ætlaðar til starfrækslu farartækja sem eru ekki með neina koltvísýringslosun gegnum útblástursrör. Á árinu 2024 verður samhengi flokkanna 4.9 og 6.15 skoðað nánar eins og nefnt hefur verið hér á undan.

Flokkur 4.16 um uppsetningu og starfrækslu rafmagnsvarmadæla skal uppfylla tvö skilyrði til að hann teljist stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar. Annars vegar eru kröfur um orkunýtni sem varmadæla Brimborgar uppfyllir og hins vegar kröfur um að hnatthlýnunarmáttur kælimiðils varmadælunnar fari ekki yfir 675 sem varmadælan uppfyllir ekki. Í kjölfar þessarar niðurstöðu var haft samband við söluaðila varmadælunnar og er til skoðunar að skipta varmadælunni út á árinu 2024 fyrir nýja sem stenst þetta skilyrði að því gefnu að eldri varmadælan nýtist öðrum.

Til að flokkur 6.5 um flutninga með mótorkjörum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum teljist stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar þarf sértæk losun koltvísýrings farartækja í flokkum M1 og N1 að vera minni en 50 g CO<sub>2</sub>/km. Frá 1. janúar 2026 þarf þetta gildi að vera 0 g CO<sub>2</sub>/km. Á árinu 2023 stóðst 55% af heildarfjárfestingum í ökutækjum skilyrðin um minni losun en 50 g CO<sub>2</sub>/km og tekjur af þeim ökutækjum voru 27% af heildartekjum. Ef horft er til framtíðarskilyrða hefðu jafnframt 51% af heildarfjárfestingum staðist skilyrðin sem ná til 18% af heildartekjum þar sem það eru ökutæki alfarið rafknúin.

Fyrsta skilyrði þess að flokkur 7.7 um kaup og eignarhald á byggingum teljist stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar er að byggingarnar sem um ræðir þurfa að vera í orkunýtingarflokki A. Orkunýtingin er skilgreind með orkunýtingarvottorði, sem skilgreint er með tilskipun ESB 2010/31 og frumorkuþörf byggir á sama vottorði. Ísland er með heildarundanþágu frá þeirri tilskipun og orkunýtingarvottorð því ekki til staðar. Brimborg lítur því svo á að ómögulegt sé á þessu stigi máls að sýna fram á að starfsemin í þessum þremur flokkum uppfylli skilyrðin án frekari leiðbeininga frá stjórnvöldum. Starfsemin er því sjálfkrafa ekki samræmd.

## Verulegt framlag til mótvægis við loftslagsbreytingar

Að lokinni greiningu á hvort hæf starfsemi stuðli verulega að einu af umhverfismarkmiðunum (hér mótvægi við loftslagsbreytingar) var farið í vinnu við skoða tvennt, annars vegar hvort félagið uppfyllti almennt lágmarks verndarráðstafanir og hins vegar var byrjað að skoða hvort þeir flokkar sem töldust stuðla að verulegi framlagi hér að ofan valdi umtalsverðu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum.

### Lágmarksverndarráðstafanir

18. gr. flokkunarreglugerðarinnar mælir fyrir um lágmarksverndarráðstafanir. Þær byggja á viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi auk átta grundvallarsamþykktá í yfirlýsingu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Vettvangur um sjálfbær fjármál hefur skilgreint kjarnaviðfangsefni lágmarksverndarráðstafanna. Mannréttindi, spilling og mútur, skattlagning og sanngjörn samkeppni.

Eftir ítarlega skoðun á lágmarksverndarráðstöfunum treystir Brimborg sér ekki til að fullyrða að þær séu uppfylltar að öllu leyti þó lagður hafi verið góður grunnur með viðeigandi stefnum og verklagsreglum. Vantar m.a. upp á að áreiðanleikakönnun vegna mannréttinda (HRDD) sé framkvæmd í samræmi við kröfur 18. gr. flokkunarreglugerðarinnar. Brimborg hefur einsett sér að uppfylla allar lágmarksverndarráðstafanir á árinu 2024. Nánari útlistun má lesa hér að neðan í töflu.

Viðfangsefni	Lýsing
Mannréttindi	<p>Brimborg hefur skuldbundið sig með formlegri stefnu að virða mannréttindi og réttindi launþega, bæði í mannauðsstefnu en líka með jafnréttisstefnu og innkaupastefnu þar sem krafa er um að val birgja sé með sjálfbærni viðmið í huga. Þó er stefnt að því að skerpa enn frekar á mannréttindaáherslum í texta innkaupastefnu og jafnframt styrkja texta í mannréttindakafla mannauðsstefnu. Allar stefnur eru aðgengilegar á vef félagsins og starfsfólk fær þær til yfirlesturs og undirritunar við ráðningu og uppfærslu en stefnt er að því að styrkja þau ferli frekar á árinu 2024.</p> <p>Félagið hefur nú þegar ýmsar verklagsreglur í gildi sem eiga að stuðla að öryggi starfsfólks, m.a. með kynbundið ofbeldi og áreitni í huga. Jafnframt framkvæmir öryggisnefnd árlega áhættumat þar sem farið er yfir viðbúnað og líkamlegt öryggi tryggt en einnig er félagslegur aðbúnaðar greindur. Starfsánægjukönnun gefur starfsfólki jafnframt tækifæri til að koma athugasemdum nafnlaust á framfæri og er hún send út á þremur tungumálum til að koma til móts við sem flest starfsfólk en hjá Brimborg starfar nú starfsfólk af 17 þjóðernum. Strax verður bætt við sértækri spurningu tengdri mannréttindum. Viðbragðsáætlun er til staðar komi upp ýmis konar brot (hvers konar ofbeldi, áreitni, eða einelti) og er hún útlistuð er í jafnréttisstefnu. Hana þyrfti að útvíkka til að ná yfir fleiri tegundir brota og samræma. Hvað varðar ábendingar sem koma ekki innanús frá þá er að finna hnapp á heimasíðu fyrirtækisins þar sem hægt er að gefa hrós, senda ábendingu eða kvörtun nafnlaust. Þar geta bæði utanaðkomandi aðilar sem og starfsfólk tilkynnt mannréttindabrot eða önnur brot þó að hnappurinn sé mjög almenns eðlis. Komi upp slík tilkynning má grípa til viðbragðsáætlunar sem nefnd er í jafnréttisstefnu en jafnframt er unnið að því að bæta enn frekar ferli til að taka á móti upplýsingum frá uppljóstrara (e. Whistle blower), ef ske kynni að upp komi brot þar sem stjórnendur gerast sekir um eða stuðli að mannréttindabrotum.</p> <p>Engir dómsúrskurðir liggja fyrir um brot á vinnu- eða mannréttindum og mikilvægt er fyrir Brimborg að það verði áfram þannig. Því er vinna hafin við að bæta enn frekar stefnur, ferli og eftirfylgni og innleiða formlega áreiðanleikakönnun vegna mannréttinda (HRDD) í samræmi við kröfur 18. gr. Flokkunarreglugerðarinnar til að koma í veg fyrir mannréttindabrot í starfsemi Brimborgar sem og í starfsemi birgja og annarra samstarfsaðila.</p>

<b>Spilling og mútur</b>	Hvað varðar stefnu, skuldbindingar og verklagsreglur um mútur og spillingu þá hefur félagið skýra opinbera stefnu um varnir gegn mútum og spillingu og hefur innleitt ferli og reglur til varnar peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem viðeigandi starfsmenn hafa undirritað. Er þetta tekið fram í fyrrgreindri stefnu auk gæðastefnu félagsins þar sem einnig er lögð mikil áhersla á gott viðskiptasiðferði, að lögum og reglum sé hlýtt í einu og öllu og að öll hugsanleg brot séu tilkynnt án tafar. Jafnframt undirrita allir starfsmenn fyrirtækisins stefnu gegn spillingu og mútum þar sem verklagsreglur í tengslum við gjafir og mögulegar mútur eru útlistaðar, ábyrgðarmenn skilgreindir og áhættumat hefur verið framkvæmt. Einnig er tekið fram að þegar gengið er til samninga við nýja birgja eða viðskiptaaðila skuli tryggja að öll samskipti og viðskipti séu eðlileg. Í innkaupastefnu fyrirtækisins er einnig tekið á þessu og tekið fram að samstarfsaðilar skuli starfa í samræmi við stefnur Brimborgar og þeir valdir meðal annars með tilliti til sjálfbærnisjónarmiða. Engin spillingarmál hafa komið upp og eftir upplýsingum frá mannauðssviði hafa aðeins þrjár gjafir verið tilkynntar að verðmæti meira en 15.000 krónur.
<b>Skattlagning</b>	Fyrirtækið starfar í samræmi við skattalög sem og í anda skattalaga og reglna og nýtir bæði innri ferli og upplýsingatæknikerfi til eftirfylgni með skattskilum og árlega ytri endurskoðun á vegum Deloitte.
<b>Sanngjörn samkeppni</b>	Engin samkeppnislagabrot hafa komið upp í starfsemi fyrirtækisins og í starfslýsingum og ráðningarsamningum er hnykkt á mikilvægi þess að stjórnendur og starfsmenn fylgi samkeppnislögum í einu og öllu.

### Að valda ekki umtalsverðu tjóni

Samhliða greiningu á lágmarks verndarráðstöfunum var hafist handa við greiningu á hvort flokkar sem hingað til höfðu samræmst yllu umtalsverðu tjóni á öðrum umhverfismarkmiðum, skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852. Tekið skal fram að þegar í ljós kom að Brimborg næði ekki að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir og starfsemin yrði því öll sjálfkrafa ekki í samræmi við matsviðmið var tekin ákvörðun um að bíða með áframhaldandi greiningu til ársins 2024 þegar stefnt er að því lágmarksverndarráðstafanir verði uppfylltar. Brimborg birtir þó töluleg gögn í töflum um veltu, rekstrarútgjöld og fjárfestingarútgjöld.

Þeir flokkar sem töldust uppfylla skilyrði um verulegt framlag voru skoðaðir, þ.e.a.s.

- [Flokkur 4.1 um raforkuframleiðslu með notkun sólarraforkutækni](#)
- [Flokkur 4.9 um flutning og dreifingu á raforku](#) og tengdur [flokkur 6.15 um grunnvirki sem gerir flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun mögulega](#)
- [Flokkur 7.4 uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum.](#)
- [Flokkur 6.5 um flutninga með mótörhólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum](#)

Flokkur 3.3 taldist jafnframt uppfylla skilyrðið um verulegt framlag en var tekin mjög seint fyrir og því var ákveðið að bíða með frekari greiningu til ársins 2024. Hér að neðan verða niðurstöður útlistaðar í töflum.

#### Flokkur 4.1 um raforkuframleiðslu með notkun sólarraforkutækni

Umhverfismarkmið	Tæknileg matsviðmið	Samræmi
<b>Aðlögun að loftslagsbreytingum</b>	Framkvæma þarf loftslagsáhættu og veikleikamat skv. Viðbæti A.	Vinna er hafin en ákveðið að halda henni áfram sem fyrst á árinu 2024 svo hún nýtist sem grunnur fyrir uppgjörið 2024.
<b>Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda</b>	Á ekki við.	Á ekki við.
<b>Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi</b>	Krafa lögð á að búnaður og íhlutir séu með mikla endingu, endurvinnanleika og auðvelt er að taka í sundur og endurnýja.	Brimborg valdi sólarrafhlöður sem eru með 25 ára framleiðendaábyrgð. Við enda líftíma sólarrafhlaða þá fer allur rafbúnaður, málmar og annað sem tengist rafhlöðunum í flokkun og endurvinnslu samkvæmt flokkunarkerfi og ferlum Brimborgar. Jafnframt tryggir framleiðandi að skaðleg efni séu ekki notuð í framleiðsluna sem auðveldar endurvinnslu.
<b>Mengunarvarnir og eftirlit með mengun</b>	Á ekki við.	Á ekki við.
<b>Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa</b>	Kröfur sem settar eru fram í viðbæti D, þ.e. uppfylla skilyrði um umhverfismat ef þess er krafist.	Brimborg sendi umsókn um uppsetningu sólarorkuvers til byggingarfulltrúa hjá Reykjavíkurborg sem vísaði málinu til skipulagsfulltrúa. Reykjavíkurborg samþykkti verkefnið og krafðist ekki umhverfismats við leyfisveitingu fyrir byggingu sólarorkuvers. Skilyrði fyrir að tryggja öryggi líffræðilegrar fjölbreytni á ekki við því sólarorkuverið er staðsett á þaki byggingar í miðri byggð.

#### Flokkur 4.9 um flutning og dreifingu á raforku

Umhverfismarkmið	Tæknileg matsviðmið	Samræmi
<b>Aðlögun að loftslagsbreytingum</b>	Framkvæma þarf loftslagsáhættu og veikleikamat skv. Viðbæti A.	Vinna er hafin en ákveðið að halda henni áfram sem fyrst á árinu 2024 svo hún nýtist sem grunnur fyrir uppgjörið 2024.
<b>Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda</b>	Á ekki við.	Á ekki við.
<b>Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi</b>	Úrgangsstjórnunaráætlun er til staðar og tryggir hámarksendurnotkun eða endurvinnslu við lok vistferilsins í samræmi við úrgangsmetakerfið, þ.m.t. með samningsbundnu samkomulagi við samstarfsaðila um meðhöndlun úrgangs, endurspeglast í fjárhagslegum spám eða opinberum skjölum um verkefnið.	Allur úrgangur frá framkvæmdinni var meðhöndlaður skv. úrgangsstjórnunaráætlun Brimborgar, flokkaður og fór í endurvinnslu samkvæmt flokkunarkerfi og ferlum Brimborgar eins og nánar er lýst í töflu hér neðar í umfjöllun um flokk 6.15 um einstakar framkvæmdir við uppsetningu hleðslustöðva.

<p><b>Mengunarvarnir og eftirlit með mengun</b></p>	<p>Krafa er varðar háspennulínur ofanjarðar.</p> <p>Krafa um að í starfseminni sé ekki notuð fjölkloruð bifeyl.</p>	<p>Brimborg sækir raforkuna fyrir hleðslustöðvar sínar að hluta úr sólarraforkuveri sem er beintengt við rafkerfi byggingar þar sem hluti hleðslustöðva sækja raforkuna. Sá hluti sem sóttur er úr almenna raforkukerfinu kemur úr lágsþennukerfinu og háspennulínur sem eru hluti af flutningskerfi raforku eru ekki á ábyrgð Brimborgar. Krafan á því ekki við.</p> <p>Fjölkloruð bifeyl eru ekki notuð í hraðhleðslustöðvastarfsemi Brimborgar.</p>
<p><b>Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa</b></p>	<p>Kröfur sem settar eru fram í viðbæti D, þ.e. uppfylla skilyrði um umhverfismat ef þess er krafist.</p>	<p>Ekki er nauðsynlegt að sækja um leyfi til að setja upp hleðslustöðvar á fyrirtækjalóð skv. reglum hjá Reykjavíkurborg sem Brimborg er með í tölvupósti sem svar við fyrirspurn Brimborgar og því engin krafa um umhverfismat. Brimborg sótti þó um byggingarleyfi fyrir stórri hleðslustöð á Bíldshöfða 5a í Reykjavík því þar þarf að reisa spennistöð sem var samþykkt án kröfu um umhverfismat. Þegar hleðslustöðin var sett upp í Reykjanesbæ mælti sveitarfélagið með því að fara í gegnum deiliskipulagsbreytingu sökum stærðar og umfangs stöðvarinnar en gerði heldur enga kröfu um umhverfismat.</p>

**Flokkur 6.15 grunnvirki sem gerir flutninga á vegum og almenningsamgöngur með litla losun mögulega**

Umhverfismarkmið	Tæknileg matsviðmið	Samræmi
<p><b>Aðlögun að loftslagsbreytingum</b></p>	<p>Framkvæma þarf loftslagsáhættu og veikleikamat skv. Viðbæti A.</p>	<p>Vinna er hafin en ákveðið að halda henni áfram sem fyrst á árinu 2024 svo hún nýtist sem grunnur fyrir uppgjörið 2024.</p>
<p><b>Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda</b></p>	<p>Uppfylla þarf skilyrði um að starfsemin sé í samræmi við ákvæði vatnatilskipunar ESB, sem sett er fram í viðbæti B.</p>	<p>Þar sem engin starfsemi Brimborgar er nálægt núverandi skilgreindum vatnshlotum þá eiga kröfurnar ekki við. Að sama skapi vantar frekari leiðbeiningar frá stjórnvöldum. Sjá undir hindranir vegna skorts á leiðbeiningum og túlkun stjórnvalda.</p>
<p><b>Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi</b></p>	<p>Í samræmi við aðferðarlýsingu ESB um meðferð úrgangs frá byggingar og niðurrifsstarfsemi:</p> <p>1. Að minnsta kosti 70% (massahlutfall) af hættulausum úrgangi frá (að undanskildum náttúrulegum efnivið) sem verður til á byggingarsvæðinu eru undirbúin fyrir endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu efniviðar, þ.m.t. fyllingaraðgerðir þar sem úrgangur er notaður í staðinn fyrir aðra efniviði.</p>	<p>Uppsetning þeirra hraðhleðslustöðva sem falla undir flokk 4.9 kallaði ekki á neitt niðurrif beinlínis vegna uppsetningarinnar en í <a href="#">töflu um framkvæmdir við uppbyggingu hleðslustöðva</a> að neðan er nánar fjallað um framkvæmdirnar og úrgangsstjórnun þeim tengdum. Gömul bygging á Breiðhöfða 1 hafði verið rifin árið 2022 skv. leyfi frá Reykjavíkurborg vegna undirbúnings fyrir uppbyggingu á annarri framtíðarstarfsemi á lóðinni. Allur úrgangur frá framkvæmdinni var meðhöndlaður skv. úrgangsstjórnunaráætlun Brimborgar, flokkaður og fór í endurvinnslu samkvæmt flokkunarkerfi og ferlum Brimborgar.</p>

	<p>Einnig í samræmi við úrgangsmetakerfið.</p> <p>2. Rekstraraðilar eiga að takmarka myndun úrgangs í ferlum, að teknu tilliti til bestu aðgengilegu tækni og með því að beita niðurrifi sem grundvallast á vali til að gera það kleift að fjarlægja og meðhöndla hættuleg efni á öruggan hátt og stuðla að endurnotkun og endurvinnslu í háum gæðaflokki með fjarlægingu efniviða sem grundvallast á vali og nota tiltæk flokkunarkerfi fyrir úrgang.</p>	
<p><b>Mengunarvarnir og eftirlit með mengun</b></p>	<p>Þar sem við á er það mótvægi við hávaða og titring frá notkun grunnvirkis að taka í notkun opna skurði, veggtaalma eða aðrar ráðstafanir og farið er að tilskipun 2002/49/EB.</p> <p>Ráðstafanir eru gerðar til að draga úr hávaða, ryki og losun mengandi efna meðan byggingar- eða viðhaldsvinna stendur yfir.</p>	<p>Ráðstafanir til að draga úr hávaða, ryki og losun mengunarefna við uppsetningu hleðslustöðva voru umtalsverðar.</p> <p>Í Jafnaseli 6 var eingöngu notast við rafmagns vinnuvél og rafmagns ökutæki, þannig dregið úr hávaða og losun mengandi efna og jarðraski var haldið í lágmarki til að draga úr rykmengun með því að velja staðsetningar stöðva og lagna sem næst raforkuinntaki.</p> <p>Sama á við á Breiðhöfða 1 þó ekki hafi náðst að nota rafmagnsvinnuvél.</p> <p>Á Flugvöllum 20 var um mjög umfangsmikið verkefni að ræða og var gengið mjög langt í notkun rafmagnsvinnuvéla og rafmagns fólks-, sendi og vörubíla til að draga úr hávaða og losun mengandi efna. Til að draga úr rykmengun var lögð áhersla á að hafa hana nálægt spennistöð og lagnir væru hannaðar þannig að sem minnst jarðrask þyrfti.</p>
<p><b>Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa</b></p>	<p>Kröfur sem settar eru fram í viðbæti D, þ.e. uppfylla skilyrði um umhverfismat ef þess er krafist.</p> <p>Þar sem við á þarf að tryggja viðhald á gróðri meðfram samgöngugrunnvirkjum svo að ágengar tegundir breiðist ekki út.</p> <p>Jafnframt skal mótvægisráðstöfunum hafa verið komið í framkvæmd til að komast hjá árekstrum við villtar lífverur.</p>	<p>Ekki var gerð krafa frá sveitarfélögum um umhverfismat eins og kemur fram í upplýsingum um flokk 4.9.</p> <p>Hleðslustöðvarnar eru ekki í nágrenni við neinar villtar lífverur og hvað varðar ágengar tegundir, sem skv. Umhverfisstofnun eru lúpína, kerfill og bjarnarkló, þá eru þær nú þegar orðnar svo útbreiddar að ekki þykir eðlilegt að krefja einstök fyrirtæki að reyna að hefta frekari útbreiðslu.</p>



**Tafla með nánari framkvæmdalýsingu við uppsetningu hleðslustöðva skv. flokki 6.15**

Stað- setning	Jafnaseil 6	Breiðhöfði 1	Flugvellir 8
<b>Upp setning</b>	<p>Settar voru upp tvær hraðhleðslustöðvar. Annars vegar 120 kW með tveimur tengjum og hins vegar 60 kW með tveimur tengjum. Til að nýta lagnaskurði voru lagðar lagnir til að setja síðar upp AC stöðvar á sama stað. Staðsetningar á hleðslustöðvum voru valdar m.a. til að lágmarka lagnaleiðir frá rafmagnsinntaki og jarðrask því tengdu. Sá gröftur sem fór fram var gerður með rafmagnsvinnuvél og allt jarðefni var aftur notað á staðnum. Allur flutningur á búnaði, efni og mannskap var með rafmagns ökutækjum.</p>	<p>Sett var upp ein 180 kW hraðhleðslustöð með tveimur tengjum. Uppsetning á hleðslustöðinni var unnin samhliða því að lagfæringar voru gerðar á yfirborði lóðar / bílastæða í framhaldi af niðurrifi á byggingu árið 2022 sem var á lóðinni. Niðurrifið var framkvæmt í framhaldi af leyfisveitingu frá Reykjavíkurborg og reglum um flokkun, endurvinnslu og förgun fylgt í hvívetna. Niðurrifið var framkvæmt vegna annarrar framtíðaruppbyggingar á lóðinni. Hleðslustöð var staðsett á lóðinni m.a. til að lágmarka lagnaleiðir frá rafmagnsinntaki og jarðrask því tengdu. Allur flutningur á efni og mannskap var með rafmagns ökutækjum en ekki var mögulegt í þessu tilviki að nota rafmagnsvinnuvél við gröft þar sem vélin var upptekin í öðru verkefni. Allt jarðefni var endurnotað á staðnum og hluti af viðeigandi efnum frá niðurrifi fyrrgreindrar byggingar notað til uppfyllingar á lóð. Tækifærið var nýtt til að nýta lagnaskurði og sett að auki upp ein 50 kW hraðhleðslustöð með tveimur tengjum og ein AC stöð.</p>	<p>Hraðhleðslustöðin á Flugvöllum 8 í Reykjanesbæ var mun umfangsmeira verkefni en hinar stöðvarnar. Stöðin er mun stærri en hinar eða 600 kW og með átta tengjum og getur því hlaðið 8 ökutæki í einu. Vegna þess hversu afkastamikil stöðin er var reist hús um stöðina sem einangrar hávaða frá stöðinni út í umhverfið. Stöðin er sú fyrsta hér á landi sem getur þjónustað allar stærðir og gerðir rafmagnsökutækja þar með talda vöru- og hópferðabíla. Því þurfti meira rými undir stöðina eða um 2000 m<sup>2</sup> af um 5500 m<sup>2</sup> lóð. Við hönnun og framkvæmdir var lögð áhersla á að nýta samlegð vegna hleðslustöðvarinnar og framtíðar afnota af öðrum hluta lóðarinnar. Lögð var áhersla á að öll jarðvegsvinna væri unnin með rafmagnsvinnuvél, flutningur á fólki til og frá verkstað væri með rafmagnsbílum og lögð áhersla á að sem mest af jarðefnum til og frá, malbiki, öðru efni og búnaði væri flutt, híft og komið fyrir með rafknúnum vörubílum, rafknúnum krönum, rafknúnum steypudælum og rafknúnum vinnulyftum auk þess sem rafmagnsvaltari var notaður til að valta malbik. Notuð var umhverfismildari steypa og hún flutt með rafmagns steypubíl og dælt í mót með rafmagns steypudælu. Til að nýta lagnaskurði voru lagnir lagðar fyrir um 20 AC stöðvar á lóðinni.</p>
<b>Úrgangur</b>	<p>Allur úrgangur frá framkvæmdinni var meðhöndlaður skv. úrgangsstjórnunaráætlun Brimborgar, flokkaður og fór í endurvinnslu samkvæmt flokkunarkerfi og ferlum Brimborgar. Nýtt var flokkunaraðstaða Max1 – Vélalands á staðnum, sem</p>	<p>Allur úrgangur frá framkvæmdinni var meðhöndlaður skv. úrgangsstjórnunaráætlun Brimborgar, flokkaður og fór í endurvinnslu samkvæmt flokkunarkerfi og ferlum Brimborgar. Nýtt var flokkunaraðstaða</p>	<p>Allur úrgangur frá framkvæmdinni var meðhöndlaður skv. úrgangsstjórnunaráætlun Brimborgar, flokkaður og fór í endurvinnslu samkvæmt flokkunarkerfi og ferlum Brimborgar. Verktaki sem sá um framkvæmdina flokkaði úrganginn og fór með í sorpeyðingarstöðina Kölku.</p>

	er bílaverkstæði í eigu Brimborgar.	Brimborgar á Bíldshöfða 6.	
--	-------------------------------------	----------------------------	--

#### Flokkur 7.4 uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum.

Umhverfismarkmið	Tæknileg matsviðmið	Samræmi
Aðlögun að loftslagsbreytingum	Framkvæma þarf loftslagsáhættu og veikleikamat skv. Viðbæti A.	Vinna er hafin en ákveðið að halda henni áfram sem fyrst á árinu 2024 svo hún nýtist sem grunnur fyrir uppgjörið 2024.
Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	Á ekki við.	Á ekki við.
Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	Á ekki við.	Á ekki við.
Mengunarvarnir og eftirlit með mengun	Á ekki við.	Á ekki við.
Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa	Á ekki við.	Á ekki við.

#### Flokkur 6.5 um flutninga með mótörhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum

Umhverfismarkmið	Tæknileg matsviðmið	Samræmi
Aðlögun að loftslagsbreytingum	Framkvæma þarf loftslagsáhættu og veikleikamat skv. Viðbæti A.	Vinna er hafin en ákveðið að halda henni áfram sem fyrst á árinu 2024 svo hún nýtist sem grunnur fyrir uppgjörið 2024.
Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	Á ekki við.	Á ekki við.
Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	<p>Farartæki í flokkum M1 og N1 þurfa að uppfylla skilyrði um endurvinnanleika og úrgangsstjórnun:</p> <p>Endurvinnanleiki:  a) unnt er að endurnota eða endurvinna a.m.k. 85% miðað við þyngd,  b) unnt er að endurnota eða endurheimta a.m.k. 95% miðað við þyngd.</p> <p>Úrgangsstjórnun:  Ráðstafanir eru til staðar, bæði í notkunarafanganum (viðhald) og þegar flotinn er úr sér genginn, þ.m.t. með endurnotkun og endurvinnslu rafhlaða og rafeindabúnaðar (einkum mikilvægra hráefna í þeim), í samræmi við úrgangsmetakerfið.</p>	<p>Endurvinnanleiki:  Samkvæmt <a href="#">tilskipun ESB 2000/53</a> um úr sér gengin ökutæki skal endurnotkun og endurvinnsla allra slíkra ökutækja að lágmarki vera 95% miðað við þyngd, og endurnotkun og endurheimt vera 85% miðað við þyngd. Skilyrði um þetta hafa gilt frá 1. janúar 2015 um nýskráningar ökutækja og framleiðendur bera ábyrgð á skilyrðin séu uppfyllt. Brimborg gerir ráð fyrir að öll ökutæki, að undanskildum tveimur sem nýskráð voru fyrr, uppfylli kröfuna þar sem óheimilt var að nýskrá ökutæki sem ekki uppfylltu kröfuna og þar sem þau eru öll nema tvö eru framleidd eftir 1. janúar 2015. Gögn frá framleiðendum vörumerkja Brimborgar renna stöðum undir þetta en þó mun Brimborg senda þeim erindi til endanlegrar staðfestingar.</p> <p>Úrgangsstjórnun:  Framleiðendur ökutækja og íhluta eiga einnig að færa viðurkenndum meðhöndlunarstöðvum allar þær upplýsingar varðandi meðhöndlun úr sér</p>

		<p>genginna ökutækja. Aðildarríki EES bera ábyrgð á að öll ökutæki séu flutt til viðurkenndra meðhöndlunarstöðva og að framvísun eyðingarvottorðs sé skilyrði fyrir afskráningu ökutækisins. Brimborg hlítir þessum reglum í einu og öllu við enda líftíma ökutækja.</p>
<p><b>Mengunarvarnir og eftirlit með mengun</b></p>	<p>Farartæki þurfa að uppfylla:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. nýjasta gildandi þrep Euro 6 gerðarviðurkenningar sem varðar losun léttra ökutækja.</li> <li>2. losunarmörk fyrir umhverfisvæn létt ökutæki sem stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum.</li> <li>3. kröfur um að ytri snúningshávaði hjólbarða í notkun sé í hæsta flokki og að veltiviðnámsstuðull hjólbarða í notkun sé í öðrum hvorum af tveimur hæstu flokkunum.</li> <li>4. Kröfur þess í samræmi við reglugerð um hljóðstig ökutækja og hljóðdeyfikerfa til endurnýjunar.</li> </ol>	<p>Fyrstu tvö skilyrðin um losun standast allir rafbílar þar sem þeir eru allir skráðir með núll losun. Hvað losun tengiltvinnbíla varðar þarf að skoða per einstakt ökutæki. Ýmis gögn fyrir einstök ökutæki koma fram á COC vottorðum sem fylgja bílum við nýskráningu. Þau gögn er enn sem stendur ekki hægt að senda á rafrænu formi til Samgöngustofu sem þýðir að þau eru ekki öll skráð í ökutækjaskrá og því ekki hægt að nálgast þau á rafrænu formi frá stofnuninni. Það gerir gagnaöflun mjög tímafreka. Þó er von á endurbótum á árinu og því beðið með frekari greiningu til ársins 2024, sjá í texta undir töflu.</p> <p>Allir bílar falla á kröfum um ytri snúningshávaða og veltiviðnámsstuðul hjólbarða. Ástæður fyrir því að bílarnir falla á þessum tveimur ástæðum eru</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>a) Brimborg var ekki með skráningu á hvaða hjólbarðar voru undir hverjum og einum bíl í flota Brimborgar hverju sinni á árinu 2023, og þar af leiðandi ekki hægt kanna hvort hver og einn hjólbarði uppfyllti nauðsynlegar kröfur. Brimborg stefnir á að setja upp kerfi á árinu 2024 sem heldur utan um hvaða hjólbarðar eru undir hverjum einstökum bíl hverju sinni.</li> <li>b) nagladekk, sem notuð eru hluta árs af öryggisástæðum t.d. á bílaleigubílum sem erlendir ferðamann aka um landið á vetrum, geta ekki staðist skilyrði um hjólbarða.</li> </ol> <p>Skref verða tekin til að óska eftir betri leiðbeiningum frá ESB fyrir árið 2024, sjá í texta undir töflu.</p> <p>Hvað varðar upplýsingar um hljóðstig og hljóðdeyfikerfi þá er þær einnig að finna á COC vottorðum sem gerir gagnaöflun mjög tímafreka þar til Samgöngustofa klárar vinnu við að taka við gögnum á rafrænu formi. Beðið með frekari greiningu til árs 2024. Sjá hindranir vegna skorts á leiðbeiningum og túlkun stjórnvalda.</p>
<p><b>Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa</b></p>	<p>Á ekki við.</p>	<p>Á ekki við.</p>

## Hindranir vegna skorts á leiðbeiningum og túlkun stjórnvalda

Vatnatilskipun ESB (e. Water Framework Directive) tók gildi í ríkjum Evrópusambandsins árið 2000. Af ýmsum ástæðum dróst innleiðing tilskipunarinnar hér á landi og var aðeins sett í lög árið 2011. Fyrsta vatnaáætlunin leit svo ekki dagsins ljós fyrr en árið 2022. Fyrsti vatnahringur áætlunarinnar, sem er á ábyrgð Umhverfisstofnunar, skilgreinir 23 vatnshlot, engin í nálægð við starfsemi Brimborgar. Gildir áætlunin frá 2022-2027. Bent hefur verið á að ekki er gert ráð fyrir að lög um stjórn vatnamála verði komin að fullu til framkvæmda fyrr en í öðrum hring vatnaáætlunar sem lýkur árið 2033. Því er erfitt að gæta þess að kröfur um verndun vistfræðilegs ástands eða vistmegin vatnshlotanna séu uppfylltar því upp á vantar að þær séu fullunnar af stjórnvöldum.

Erfitt þótti jafnframt að uppfylla skilyrði um að valda ekki umtalsverðu tjóni í flokki 6.5. Annars vegar vegna þess að finna þarf margvísleg gildi fyrir einstök ökutæki til að sýna fram á að þau uppfylli viðeigandi kröfur. Sökum mikils fjölda ökutækja í flota Brimborgar þyrfti sú gagnaöflun að vera sjálfvirk en það er enn illmögulegt vegna skorts á gögnum á rafrænu formi hjá Samgöngustofu. Stofnunin segir að verið sé að vinna að því að koma COC vottorðum (samræmd skráningavottorð) á rafrænt form og Brimborg mun strax hefjast handa við að koma gögnum inn í sitt eigið upplýsingatæknikerfi þegar fyrrgreindri vinnu er lokið. Mun þá verða gerlegt að finna til gögn meðal annars um CO2 losun, hljóðstig, hljóðdeyfikerfi, mengunarstaðal og aðrar upplýsingar niður á hvert ökutæki sem gerir kleift að ákvarða hversu stórt hlutfall flota Brimborgar uppfyllir skilyrðin.

Hins vegar hvað varðar kröfur tengdar hjólbörðum en ljóst er að hluta úr ári geta ökutækin verið á nagladekkjum af öryggisástæðum, ekki síst bílaleigubílar sem erlendir ferðamenn keyra á um landið. Má ætla að sama gildi um flota annarra fyrirtækja á Íslandi og víðar í Norður Evrópu. Í ljósi þess stefnir Brimborg að því að senda erindi í samskiptagátt hagsmunaaðila (e. EU Taxonomy Stakeholder Request Mechanism) hjá Evrópusambandinu vegna flokkunarreglugerðar ESB þar sem það er óljóst í reglugerðinni hvernig eigi að meðhöndla þau ökutæki sem eru hluta úr ári á nagladekkjum eða á hjólbörðum sem uppfylla ekki reglugerðina. Ef fyrirtæki fjárfestir í rafknúnu ökutæki og ökutækið stentst öll tæknileg matsviðmið, en er sett á nagladekk hluta úr ári, myndi þá fjárfestingin öll ekki teljast umhverfislega sjálfbær? Þar að auki, teldist fjárfestingin ekki umhverfislega sjálfbær ef hún væri gerð að vetri til og bíllinn afhentur til notkunar á nagladekkjum? Þegar kemur að veltu er hægt að ætla að sá hluti þegar ökutækið er á nagladekkjum myndi ekki teljast umhverfislega sjálfbær en aftur á móti væri hægt að flokka veltuna sem umhverfislega sjálfbæra þegar ökutækið er á hjólbörðum sem uppfylla skilyrðin. Heildarrekstrarútgjöld þyrfti að hlutfalla til að ákvarða upphæð sem telst umhverfislega sjálfbær miðað við tímann sem ökutækið er á hjólbörðum sem uppfylla skilyrðin.

## Lykilmælikvarðar

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um útreikning á lykilmælikvörðum í framseldri reglugerð ESB 2021/2178. Hlutfall veltu, fjárfestingarútgjalda og rekstrarútgjalda er reiknað í samræmi við 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar. Hins vegar er möguleiki á því að kröfur eða aðferðafræði muni taka breytingum eftir því sem reglugerðin verður uppfærð og getur það haft áhrif á framtíðarútreikninga félagsins.

## Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningsskilastaðals (IAS-staðli) 1. Heildar velta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildar veltu samstæðunnar fyrir árið 2023 eins og hún kemur fram í rekstrarreikningi ársreiknings. Þar af er 0% vegna starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Tekjur vegna uppsetninga hleðslustöðva sem var fjárfest í á árinu 2023 skila sér inn í rekstur félagsins á árinu 2024 og því eru tekjur vegna starfsemi í flokki 4.9, flokki 6.15 og flokki 7.4 engar á árinu 2023. Sjá hlutföll í töflu yfir veltu á bls. 43.

## Fjárfestingarútgjöld

Við höfum úthlutað fjárfestingargjöldum á hæfa starfsemi í samræmi við flokkunarreglugerðina. Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingarútgjöld námu alls 4.000.612.000 kr. á árinu 2023 í samræmi við viðbætur ársins í skýringu 7 með ársreikningi. Þar af eru 0% vegna starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Sjá hlutföll í töflu yfir fjárfestingarútgjöld á bls. 44.

## **Rekstrarútgjöld**

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þregra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Undir rekstrargjöld skal falla beinn kostnaður sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjun bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfrækslu slíkra eigna. Rekstrargjöld námu alls 553.025.728 kr. á árinu 2023 og voru til komin vegna viðhalds og viðgerða á eignum félagsins, þrífum og öryggisgæslu. Þar af eru 0% vegna starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu. Sjá hlutföll í töflu yfir rekstrarútgjöld á bls. 45.

Tafla 1: Velta

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildivelta (3)	Hlutfall veltu (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")						Légnarkvæðingarmáttur (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur(starf- semi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismark- miðum (20)	Flokkur "(umbreytingar- starfsemi)" (21)
				Mótvægi við loftslagsþryggingar (5)*	Aðlögun að loftslagsþryggingun (6)	Vans- og sjávarandiðir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mæsur (9)	Liffræðing fjölbreytni og vísikerfi (10)	Midvangur við loftslagsþryggingar (11)	Loftslagsþryggingun (12)	Aðlögun að loftslagsþryggingun (13)	Vans- og sjávarandiðir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mæsur (15)				
Texti		ISK	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	E	T	
<b>A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR</b>																			
<b>A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)</b>																			
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0,0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	-	-	
<b>A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)</b>																			
Framleiðsla á lággöfnistækni fyrir flutninga	3.3	115.875.401	0,3%																
Raforkuframleiðsla með notkun sólarraforkutækni	4.1	0	0,0%																
Flutningur og dreifing á raforku: uppbygging og rekstur á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki	4.9 (6.15)	0	0,0%																
Uppsetning og starfræksla rafmagnsvarmadæla	4.16	0	0,0%																
Flutningar með mótorhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum: Kaup, leiga og starfræksla farartækja sem tilheyra flokki M1, N1 og L	6.5	1.591.483.810	4,8%																
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)	7.4	0	0,0%																
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	40.070.129	0,1%																
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		1.747.429.340	5,3%																
Alls (A.1+A.2)		1.747.429.340	5,3%																
<b>B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR</b>																			
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		31.372.531.660	94,7%																
Alls (A+B)		33.119.961.000	100,0%																

Tafla 2: Fjárfestingarútgjöld

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildar fjárfestingar (3)	Hlutfelli fjárfestingargjalda (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")						Légnarkes vörðarráðgjafi (17)	Hlutfall fjárfestingargjalda sem fellur að flokkunar- kerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur(starf- semi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverf- ismark- miðum (20)	Flokkur "(umbreytingar- starfsemi)" (21)
				Mótvægi við loftslagsþryggingar (5)*	Aðlögun að loftslagsþryggingun (6)	Vans- og sjávarandiðir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mægun (9)	Liffræðing fjölbreynt og vísikerfi (10)	Mótvægi við loftslagsþryggingar (11)	Aðlögun að loftslagsþryggingun (12)	Vans- og sjávarandiðir(13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mægun (15)	Liffræðing fjölbreynt og vísikerfi (16)				
Texti		ISK	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	E	T	
<b>A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR</b>																			
<b>A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)</b>																			
			0,0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	-	-	
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0,0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	0%	0%	
<b>A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)</b>																			
Framleiðsla á lággolefnistækni fyrir flutninga	3.3	0	0,0%																
Raforkuframleiðsla með notkun sólarraforkutækni	4.1	0	0,0%																
Flutningur og dreifing á raforku: uppbygging og rekstur á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki	4.9 (6.15)	223.802.484	5,6%																
Uppsetning og starfræksla rafmagnsvarmadæla	4.16	5.601.981	0,1%																
Flutningar með mótorhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum: Kaup, leiga og starfræksla farartækja sem tilheyra flokki M1, N1 og L	6.5	3.233.966.534	80,8%																
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)	7.4	12.289.394	0,3%																
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	278.005.817	6,9%																
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		3.753.666.210	93,8%																
<b>Alls (A.1+A.2)</b>		<b>3.753.666.210</b>	<b>93,8%</b>																
<b>B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR</b>																			
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		246.946.159	6,2%																
<b>Alls (A+B)</b>		<b>4.000.612.369</b>	<b>100,0%</b>																

Tafla 3: Rekstrargjöld

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildir rekstrargjöld (3)	Hlutfelli rekstrargjalda (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")							Lágmarks vöndurástandarhlíf (17)	Hlutfall rekstrargjalda sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur(starf- semi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismark- miðum (20)	Flokkur "(umbreytingar- starfsemi)" (21)
				Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vans- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Liffræðing fjölbreytni og virstkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vans- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Liffræðing fjölbreytni og virstkerfi (16)						
<i>Texti</i>		<i>ISK</i>	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	<i>E</i>	<i>T</i>	
<b>A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR</b>			<b>86,0%</b>																		
<b>A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)</b>				0,0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	-	-	
Rekstrargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0,0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	0%	0%	0%	
<b>A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)</b>																					
Framleiðsla á lágkolefnistækni fyrir flutninga	3.3	0	0,0%																		
Raforkuframleiðsla með notkun sólarraforkutækni	4.1	0	0,0%																		
Flutningur og dreifing á raforku: uppbygging og rekstur á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki	4.9 (6.15)	310.550	0,1%																		
Uppsetning og starfræksla rafmagnsvarmadæla	4.16	0	0,0%																		
Flutningar með mótörhjólum, fólksbífreidum og léttum atvinnuökutækjum: Kaup, leiga og starfræksla farartækja sem tilheyra flokki M1, N1 og L	6.5	269.288.673	48,7%																		
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki í byggingum (og bílastæðum sem eru tengd byggingum)	7.4	111.080	0,0%																		
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	205.833.058	37,2%																		
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem ekki fellur að flokkunarkerfinu) (A.2)		475.543.360	86,0%																		
Alls (A.1+A.2)		475.543.360	86,0%																		
<b>B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR</b>																					
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		77.482.368	14,0%																		
Alls (A+B)		553.025.728	100,0%																		